



ORKUSTOFNUN

**Varðar vatnsvernd vatnsbóla á
höfuðborgarsvæðinu**

**Kristján Sæmundsson,
Freysteinn Sigurðsson**

Greinargerð KS-FS-95-14

**VARÐAR VATNSVERND VATNSBÓLA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Vinnuhópur um endurskoðun vatnsverndarsvæða á vegum SSH hefur óskað eftir álit og tillögum Orkustofnunar um vatnsverndarsvæði kringum vatnsból Höfuðborgarsvæðisins á hrauna- og grágrýtissvæðunum suðaustur af byggðinni.

Verndarákvæði þau sem í gildi eru um vatnsbólsvæði Vatnsveitu Reykjavíkur voru sett 1981 og staðfest 1982. Viðkvæmast í vatnsvinnslunni á þeim tíma var að vatnsbólin í Gvendarbrunnnum voru opin. Þá var einnig vatni dælt úr Bullaugum, en það útheimti vernd norðan Suðurlandsvegur. Síðan hafa þær breytingar orðið að vatnsvinnslan í Gvendarbrunnnum hefur færst í borholur 150 m uppi í hrauninu ofan við uppspretturnar. Dælingu var hætt í Bullaugum fyrir tveimur árum og er ekki fyrirsjáanlegt að hún verði tekin upp aftur nema neyð skapist. Þá hafa ný vatnsból verið tekin í notkun í Vatnsendakrikum ofar og sunnar í Heiðmörk. Vatnstökuna má auka þar til að létta á Gvendarbrunna-Jaðarsvæðinu ef þörf krefur.

Auk þessara breytinga á tilhögun við vatnstökuna hefur bæst við ný vitneskja í millitíðinni um vatnasviðið. Þar má nefna 1) Grunnvatnskort Orkustofnunar og bæjarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu (1992 og 1995) sem byggja á öllum tiltækum gögnum. 2) Athuganir og líkanreikningar Verkfræðistofnunar Vatnaskila hafa sýnt að Gvendarbrunnasvæðið er ekki eins viðkvæmt fyrir mengun frá Suðará og óttast var þegar eldri verndarákvæði voru sett. 3) Staðfest hefur verið með borunum (1995) að vatnasvið vatnsbólanna nær upp í Bláfjöll.

Loks er þess að geta að þrjú verndarflokkar hafa verið skilgreindir í stað fjögurra áður. Breytingin felst í því að 4. flokks verndarsvæði forstreymis við vatnsbólsvæðin eru undanskilin vernd eða felld undir flokk 3.

Með hliðsjón af ofansögðu eru breytingartillögur okkar á vatnsverndinni eftirfarandi.

- 1) Felld verði niður vernd á svæðum norðan Hólmsár.
- 2) Létt verði á vernd norðan og vestan Gvendarbrunnagirðingar og jaðars Hólmshrauna þar austuraf, þ.e. svæðið þaðan að Hólmsá falli undir verndarflokk 3.
- 3) Brunnsvæði kringum Myllulækjarholurnar verði stækkað til SV. Verndarsvæði í flokki 1 kringum Myllulækjar- og Gvendarbrunna-Jaðarsvæðin verði að öðru leyti látin ráðast af girðingunni sem þegar er komin kringum þau, þ.e. stækkuð frá gildandi reglugerð.
- 4) Létt verði á vernd norðan Selfjalls og Suðará (2.fl. verði 3.fl.).
- 5) Létt verði á vernd suðvestan Elliðavatns og vestan við Vífilsstaðavatn (2.fl. verði 3.fl.) og hún að hluta felld niður.
- 6) Vernd í flokki 1 verði tekin upp á svæðinu kringum vatnsbólin í Vatnsendakrikum og Grenkrika.
- 7) Verndarsvæði í flokki 2 verði stækkað til SA og verndarsvæði í flokki 3 taki við ofan þess allt upp í Bláfjöll svo sem verið hefur í reynd. Er þá miðað við meðal straumhraða grunn-

vatns í grágryti og móbergi, enda fer grunnvatnsstraumurinn að mestu um slík jarðlög. Vatnsvernd ofan Heiðmerkur nái þannig yfir svæðið allt upp til grunnvatnsskila. Lega þeirra er ekki nákvæmlega þekkt og raunar gætu þau legið yfir á landi annarra sveitarfélaga. Vatnsverndin nái þá upp til marka sveitarfélaga, en vissulega væri æskilegt, að samkomulag væri um að láta hana ná í líkleg grunnvatnsskil.

- 8) Verndarsvæði í flokki 2 kringum vatnsból Garðbæinga stækki nokkuð til austurs en minnki til vesturs og norðvesturs.

Auk þess sem hér er lagt til hafa bæjarfélögin í Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Garðabæ sett fram hugmyndir um breytta tilhögun á vatnsöflun í framtíðinni. Þar er um að ræða: 1) Vatnstöku í Lækjarbotnum, 2) vatnstöku í Mygludölum og 3) vatnstöku suður af Straumsvík.

- 1) Varðandi Lækjarbotna leggjum við til að verndarsvæði í flokki 3 ofan brunns- og grannsvæðanna tengist verndarsvæðum í sama flokki sunnan Suðurlandsvegur.
- 2) Varðandi Mygludali, þá leggjum við til að afmarkað verði brunnsvæði þar, en verndarsvæði í flokki 2 verði hið sama og fyrir Kaldárbotna og nái upp til marka sveitarfélaganna / vatnaskila á Lönguhlíð og upp til Kristjánsdalahorns. Verndarsvæði í flokki 3 nái þaðan til vatnaskila.
- 3) Varðandi brunnsvæði suður af Straumsvík, þá nær aðrennslissvæði þess að líkindum til Kleifarvatns og Lönguhlíðar, auk þess sem til svæðisins rennur frá Kaldárbotnum og þar með frá Heiðmerkursvæðinu. Grannsvæði (verndarflokkur 2) nái upp til sveitarfélagamarka við Grindavíkurbæ og úr Gömlubúfu / Markhelli í stefnu í Straumsvík. Neðri mörk verði neðan fyrirhugaðs vatnstökusvæðis og í Stórhöfða og áfram austur.

Kristján Sæmundsson

Freysteinn Sigurðsson